

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Orkusalan ehf.
kt. 560306-1130

Starfsstöð: Lagarfossvirkjun, 701 Egilsstaðir

Leyfið gildir frá 12. nóvember 2021 til 12. nóvember 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir rekstri vatnsaflsvirkjunar til 27 MW rafmagnsframleiðslu ásamt tilheyrandi mannvirkjum sem þjóna starfseminni

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Orkusalan ehf., kt. 530306-1130

Starfsstöð: Lagarfossvirkjun, 701 Egilsstaðir

Leyfið gildir frá 12. nóvember 2021 til 12. nóvember 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir 27 MW vatnsaflsvirkjun ásamt tilheyrandi mannvirkjum sem þjóna starfseminni.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og á grunni umsóknar dags. 14. september 2020, ásamt fylgigögnum sem bárust þann 15. desember 2020.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Efnalög nr. 61/2013 m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

1.1. Lagarfossvirkjun

Framleiðslugeta stöðvarinnar er 27 MW. Virkjað er 177 m³/sek rennsli með ca. 16 m falli úr Steinsvaðflóa niður fyrir Lagarfoss. Virkjunin er rennslisvirkjun og því er ekkert uppistöðulón. Virkjunin samanstendur af stíflu (flóðgáttum), aðskildum inntakshúsum, þrýstipípu og stöðvarhúsi. Fyrir ofan inntak virkjunar stendur svo geymsluskemma. Afspennar virkjunarinnar er staðsettir á spennapró utan við virkjanahús.

Daglegt eftirlit er með virkjuninni og skráð er í dagbók auk þess sem fylgst er með í gegnum stjórnkerfi og myndavélar.

Um starfsemina gildir m.a.

- *fylgiskjal I - Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*

Varðandi rafpenna, olúgeyma, geymslur, efnavöru og magn sem er að finna vísast til viðauka I sem fylgir starfsleyfi þessu.

2. Almenn ákvæði, markmið og gildissvið

2.1. Ábyrgð starfsleyfishafa

Starfsleyfishafi er ábyrgur fyrir starfseminni og því að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum hverju sinni sem og fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfsemi sinnar og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2.2. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal upplýsa útgefanda starfsleyfis tímanlega um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Við áform um slíkar breytingar skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfi eftir því sem við á. Ef fyrirhuguð breyting sem rekstraraðili áformar, sbr. 1. mgr. er umtalsverð skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfið.

2.3. Endurskoðun starfsleyfis

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Leiði endurskoðun eða breyting á starfsleyfi til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal útgefandi starfsleyfis auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

2.4. Valdsvið og þvingunarúrræði

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3. Umhverfi

Leitast skal við að lágmarka álag á umhverfið. Fyrirtækið skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.

3.1. Umhverfisstjórnunarkerfi

Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

3.2. Lóð og umhverfi

Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfsemi tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágretta og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmon. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfsemi safnist fyrir á lóð fyrirtækisins. Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóð fyrirtækisins.

4. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láða og laga sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir hafi hún verið skilgreind og nýta orku vel.

Eftir því sem við á skal athafnasvæði fyrirtækisins eða hlutar þess lagt vökvaheldu yfirborði með niðurföllum tengdum við viðeigandi mengunarvarnarbúnað, sbr. gr. 4.7 um fráveitur. Þvottur véla- og vélarhluta skal fara fram á olíuheldu plani með afrennsli um olíuskilju eða í þar til gerðum þvottavélum með lokuðu kerfi. Fyrirtækið skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til vélþvotta, t.a.m. með notkun umhverfisvottaðra hreinsiefna.

4.1. Viðbragðsáætlun

Fyrirtækið skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Ísogbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo

fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.

4.2. Úrgangur

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.

Úrgangur skal flokka eftir því sem tölur eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgangur sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.

Olíuúrgangur skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.

Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, fugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.

Geymsla spilliefna á athafnasvæði starfstöðvar skal vera undir þaki eða skyggni. Spilliefni mega ekki blotna.

Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er með öllu óheimil. Úrgangur skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

4.3. Rafspennar

Spennar skulu vera þannig frágengnir að ekki sé hættu á mengun jarðvegs, grunnvatns eða yfirborðsvatns umhveris þá. Spennar sem standa utandyra skulu staðsettir í olíuheldri þró sem tekur að minnsta kosti við rúmmáli þess spennis sem geymir mesta olíu. Allar tengingar við spenna skulu lagðar yfir ystu þróarveggi og skal svæðið afgirt traustri girðingu. Spennar sem eru innanhúss skulu vera í rými þar sem olíumengun getur ekki borist í fráveitu. Ef vatn í spennapró inniheldur yfir 15 ppm af olíu getur það valdið mengun. Olíumengað vatn skal flutt og fargað í samræmi við ákvæði laga og reglugerða af viðurkenndum aðilum sem hafa gilt starfsleyfi. Verklag við förgun á vatni úr spennapró skal vera með samþykki Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Ef PCB eða önnur umhverfisskaðleg staðgengilsefni þeirra eru eða hafa verið í notkun sem kælimiðlar í rafspennum skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 739/2009 um hreinsun og förgun PCB og staðgengilsefna þess. Þegar þörf er á viðgerð rafspennis skal taka sýni af spennalíu til greiningar á PCB og umhverfisskaðlegum staðgengilsefnum þeirra, sé innihald olíunnar ekki þekkt eða ef ekki liggur fyrir eldri greining á spennalíunni, sbr. ákvæði ofangreindrar reglugerðar.

Tilkynna skal til eftirlitsaðila ef spennalía hefur borist út í umhverfið og skal þar koma fram áætlað magn, ástandslýsing og viðbrögð. Tilkynningin skal berast eins fljótt og kostur er frá því að leki uppgötvast, sbr. gr. 4.1.

4.4. Meðferð hættulegra efna, þ.m.t. spilliefna

Fyrirtækið skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfisvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.

Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Slík efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í fráveitu um niðurföll, í andrúmsloft né geta á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings. Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.

Um meðferð SF6 fer samkvæmt reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir m.s.br.

Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lífdísel og öðrum lífoldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar olíu eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir. Staðsetning olíugeyma og olíulagna þarf samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits. Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar (áður Hollustuverndar ríkisins) um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.

Um eftirlit með kælibúnaði og meðferð kælimiðla á kælibúnað fer skv. reglugerðum nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Aðili sem annast viðhald og eftirlit með kælibúnaði fyrirtækisins skal hafa til þess tilskilin leyfi, sbr. ákvæði ofangreindra reglugerða og í samræmi við efnalög nr. 61/2013.

4.5. Hávaði

Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

4.6. Loftmengun

Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og viðhalda þannig þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti. Þess skal gætt að ryk og lyktarmiklar eða hættulegar lofttegundir valdi ekki óþægindum eða hættu í nærliggjandi umhverfi. Lofttræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenni óþægindum vegna ryks, lyktar eða hávaða.

4.7. Fráveitur

Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. ristar, olíuskilja, sandskilja, fituskilja o.þ.h., í samræmi við eðli og umfang starfseminnar.

Mengunarvarnarbúnaður skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.

Fráveita frá olíuskiljum eða olíuþróm má leiða í grjótsvelg eða siturlagnir ef tryggt er að minna en 15 ppm af olíu séu í frárennslinu.

Seyru skal tæma reglulega úr rotþróm af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyrur til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrur.

5. Prófanir og sýnatökur

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

5.1. Sýnataka af fráveitu m.t.t. olíumengunar

Rekstraraðili skal láta taka sýni af fráveituvatni frá undirlagi spenna á þriggja ára fresti, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins. Rannsaka skal magn olíu/fitu í fráveituvatninu.

Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm af olíu í fráveituvatni. Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og skráðar í rekstrarhandbók starfstöðvar. Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykkir.

5.2. Lekavarnir rafspenna

Rekstraraðili skal sjá til þess að þrær undir olíuspennum þoli að standa fullar af vatni. Lekaprófanir skulu gerðar reglulega, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins, og niðurstöður skráðar í gögn um innra eftirlit starfsstöðvar.

5.3. Sjálfvirkur búnaður

Rekstraraðili skal láta prófa allan sjálfvirkan búnað, s.s. nema o.þ.h., árlega. Niðurstöður skulu skráðar í gögn um innra eftirlit starfsstöðvar.

6. Innra eftirlit

Krafa er um að starfsleyfishafi viðhafi virkt og sýnilegt innra eftirlit. Eftirfarandi skal liggja fyrir og vera aðgengilegt eftirlitsaðila.

6.1. Tæknilegar upplýsingar

Halda skal skrá um tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki sem og rafspenna, aflrofa, olíugeyma, olíu- og sandskiljur og lagnakerfi, þ.m.t. fráveitulagnir, mengunarvarnir, dælu- og rafbúnað.

Halda skal skrá yfir rafspenna og olíugeyma þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: nafn framleiðanda, staðsetning, olíutegund, númer geymis, byggingarár, líftími sé hann uppgefinn, stærð og

smíðastaðall. Að auki skal halda skrá yfir aflrofa, tegund og magn gróðurhúsalofttegunda/ósoneyðandi efna. Enn fremur skal skrá tegund yfiryllivarnar og tegund lekaviðvörunar ef við á.

Lagnateikningar skulu vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

6.2. Skráningar innra eftirlits

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Innra eftirlit skal skráð og dagsett með eftirtalin atriði, ef við á:

- Fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum og sjálfvirkjum búnaði fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald og prófanir á mengunarvarnarbúnaðar, sem og prófanir á sjálfvirkjum búnaði.
- Halda skal saman rannsóknaniðurstöðum af mælingum á olíu í fráveituvatni frá spennapróm.
- Tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum.
- Rýrnun olíu og gróðurhúsalofttegunda/ósoneyðandi efna.
- Skil úrgangs og spilliefna til móttökustöðva. Halda skal saman kvittunum fyrir skilunum á spilliefnum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefna ásamt dagsetningu skilanna.
- Óhöpp og slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, sem og viðbrögð við þeim.
- Kvartanir m.t.t. umhverfismála.

12. nóvember 2021

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Viðaukar með starfsleyfi Orkusölnunnar ehf. gefið út 12. nóvember 2021.

Starfsstöð: Lagarfossvirkjun, 701 Egilsstaðir

Viðauki I – Starfsstöð

a) Lýsing á starfsemi, umfangi og staðsetningu.

Lagarfossvirkjuna var upphafleg byggð árið 1976 en stækkuð 2007. Virkjað er 177 m³/sek rennsli með ca. 16 m falli úr Steinsvaðflóa niður fyrir Lagarfoss. Virkjunin er rennslisvirkjun og því er ekkert uppistöðulón. Virkjunin samanstendur af stíflu (flóðgáttum), aðskildum inntakshúsum, þrýstipípu og stöðvarhúsi. Fyrir ofan inntak virkjunar stendur svo geymsluskemmi. Afspennar virkjunarinnar er staðsettir á spennapró utan við virkjanahús. Daglegt eftirlit er með virkjuninni og skráð er í dagbók auk þess sem fylgst er með í gegnum stjórnkerfi og myndavélar.

b) Önnur mannvirki sem tengjast starfsemi.

Rotþró er á lóðinn sem sveitarfélagið sér um að losa. Vatnsból er í landi Ekru og er samnýtt með ferðaþjónustu þar. Orkusalan er handhafa starfleyfis fyrir vatnsbólið.

c) Helstu hráefni og hjálparefni.


Helsta hráefni er vatn Lagarflióts. Glussi er notaður á vökvakerfi yfirfallslokur stíflu, inntakslokur í inntaksturni og gangráði virkjunar í stöðvarhúsi. Einnig er olía á afspenni virkjunar, díselvél og SF6 gas á tveimur aflrofa. Stöðvarnotkunarspennar og segulmögnunar spennarvirkjunar eru þurrspennar en afspennar virkjunarinnar er staðasettur á olíupró norðan við stöðvarhús.

- i. Yfirfallslokur eru fjórar með sameiginlegu vökvakerfi með ca. xx lítrum af glussa.
- ii. Inntaklokur eru tvær, fyrir sitt hvora vél, í sitt hvoru lokahúsinu, ca. xx fyrir vél 1 og xx fyrir vél 2.
- iii. Gangráður vélar 1 er frá 2020 með lekapönnu undir og ca. xx lítrum af glussa. Glussi er líka inn í vatnshjólínu í lokuðu kerfi ca. xx lítar af glussa.
- iv. Gangráður vélar 2 tvö er síðan 2007 með ca xx lítrum af glussa. Glussi er líka inn í vatnshjóli í lokuðu kerfi ca. xx lítar af glussa.
- v. Díselvél er með ca. 100 lítra olíutank, smurolía og einum blý rafgeymi. Lekapanna er undir vélinni.
- vi. Smurolíukerfi eru á legum vélar 1 xx lítar af olíu.
- vii. Smurolíukerfi eru á legum vélar 2 xx lítar af olíu.
- viii. Afspennar eru tveir á olíupró annar með 11 tonnum af olíu og hinn með 14,5 tonnum af olíu.
- ix. Vararafhlöður eru sýrugeymar í sér herbergjum með loftræsingu lekavörn og sturtu.
- x. Ýmis smurefni málningar ofl. sem er notað og skal geyma í efnakáp eða á verkstæði þar sem þau eru notuð.

Viðauki II - Lóðarmörk



Viðauki III - Deiliskipulag



12. nóvember 2021

Orkusalan ehf.
Dvergshöfða 2
110 Reykjavík

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir Lagarfossvirkjun, 701 Egilsstaðir

Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Lagarfossvirkjun, 27 MW vatnsaflsvirkjun, 701 Egilsstöðum, barst þann 14. september 2020. Umsækjandi er Orkusalan ehf., kt. 530306-1130.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 14. október sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 11. nóvember 2021.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllt, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir

heilbrigðisfulltrúi

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

12. nóvember 2021

Orkusalan ehf.
Dvergshöfða 2
110 Reykjavík

Varðar endurnýjun starfsleyfis fyrir Lagarfossvirkjun, 701 Egilsstaðir

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur gefið út starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands fyrir Lagarfossvirkjun Orkusölnunnar, 701 Egilsstöðum, skv. umsókn dags. 14. september 2020 og er starfsleyfið hér meðfylgjandi.

Flokkun starfseminnar, eftirlitstíðni og gjaldtaka samkvæmt gjaldskrá HAUST nr. 22/2020 er sem hér segir.

ÍSAT NR.	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits	Árlegt eftirlitsgjald kr.
40.10.0.3	Virkjanir	0,5	38.475,-

Innifalið í árlegu eftirlitsgjaldi er eftirlit heilbrigðisfulltrúa annað hvert ár.

Endurnýjun á starfsleyfi samkvæmt áðurnefndri gjaldskrá HAUST er kr. 19.400,-. Reikningur í samræmi við það verður sendur á næstunni.

Virðingarfyllst,

Dröfn Svanbjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnsýslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs.